

Ólafur Haukur Árnason:

Skýrsla formanns um starfsárið 2003-2004

á aðalfundi FKE 8. maí 2004

Kæru félagar

Ég óska ykkur öllum gleðilegs sumars og þakka ánægjuleg samskipti og marga gleðistund á liðnum vetri.

Að loknu starfsári er gott að líta yfir farinn veg og drepa á það helsta sem gerðist innan vébanda Félags kennara á eftirlaunum.

Skemmti- og fræðslufundir, svipaðir þeim sem við sitjum nú, voru alls sjö á starfsárinu. Allir voru þeir með þeim hefðbundna hætti sem þið þekkið öll: Spiluð félagsvist, drukkið veislukaffi og síðan hlýtt á fyrirlestur, frásögn eða upplestur.

Öll stjórnin annaðist undirbúning fundanna. Sveinn Kristjánsson stjórnaði jafnan félagsvistinni og ef hann forfallaðist Hermann Guðmundsson. Kristín Valgeirsdóttir stóð fyrir veitingum af mikilli prýði. Samstarfsfólki mínu í stjórninni og henni þakka ég störfin sem ætíð voru unnin með gleði og af dugnaði. Þá vil ég einnig þakka ykkur öllum sem sýnið félaginu þá tryggð að sækja þessa fundi vel og taka virkan þátt í því sem fram fer. Félagsstarf okkar væri ekki á marga fiska ef þið og margir fleiri sýnduð því ekki ræktarsemi.

Skemmti- og fræðsluefni á fundunum þetta starfsár hafa annast Óli Kr. Jónsson, Jón R. Hjálmarsson, Baldur Ragnarsson, Þorsteinn Ólafsson, Þuríður Kristjánsdóttir og Guðmundur Magnússon. Jafnan hefur lagið verið tekið að loknum erindum við undirleik Sigurbjargar Þórðardóttur og í forföllum hennar Sigurðar Jólssonar.

Árshátíð félagsins var haldin í mars. Helgi Jónasson flutti hátíðarræðu, skólastjórakvartettinn Randver spilaði og söng og Ólafur B. Ólafsson lék á píanó og harmóniku, bæði meðan setið var að borðum og fyrir dansi, og stjórnaði einnig fjöldasöng. Veitingar annaðist Matstofa Kópavogs með miklum ágætum eins og í fyrra. Félagsfáninn, sem við höfðum lengi beðið eftir, var tilbúinn á árinu og hafður uppi til hátíðabrigða.

EKKÓ-kórinn söng á árshátíðinni svo sem venja hefur verið. Þorvaldur Björnsson stjórnaði kórnum í forföllum Jóns Hjörleifs Jónssonar og undirleik annaðist Solveig Jónsson. Kórinn söng einnig á jólafundi félagsins í desember. Þar að auki hefur hann komið fram opinberlega nokkrum sinnum á starfsárinu.

Á sönghátíð í Neskirkju 27. maí söng kórinn ásamt tveim öðrum kórum. Á móti norrænna kennara á eftirlaunum, en það var haldið 12. – 16. júní, var sungið tvisvar. Í Sólheimum í Grímsnesi söng kórinn á vegum líknarfélagsins Bergmáls 24. ágúst, á geðdeild Landspítala-háskólasjúkrahúss 28. nóvember, að Engjateigi 11 á vegum líknarfélagsins Styrks 4. desember og daginn eftir á hjúkrunarheimilinu Sóltúni 5. Þá söng kórinn við útför Óla Kr. Jónssonar á mánudaginn var. Kórinn hefur æft í hátíðasal Kennaraháskóla Íslands einu sinni í viku að jafnaði. Vel er þar búið að kórnum, húsaleiga engin og ýmis fríðindi.

Við stöndum í þakkarskuld við rektor, fjármálastjóra, húsvörð og starfsfólk mötuneytis fyrir hlýhug og vinsemd í garð kennara á eftirlaunum og félagsstarfs þeirra. Dagana 20. og 21. febrúar var EKKÓ-kórinn við æfingar í Reykholti með styrk

frá félaginu. Ég þakka kórfélögum störf og skemmtun og stjórn kórsins fyrir vel unnin verk.

Formaður er Rannveig Sigurðardóttir og með henni í stjórn Þorbjörg Guðmundsdóttir og Svavar Björnsson. Eins og undanfarin ár hefur Jón Hjörleifur Jónsson stjórnað kórnum. Um miðjan vetur veiktist hann og tók þá einn kórfélagi, Þorvaldur Björnsson, við stjórninni. Undirleik hefur Solveig Jónsson annast. Þeim þremur eru hér með færðar einlægar þakkir fyrir fórnfýsi og dugnað og Jóni Hjörleifi óskað varanlegs bata.

Það má til nýlundu telja að Félag kennara á eftirlaunum gekkst fyrir opnum fundi um kjaramál og mun það í fyrsta sinni í sögu félagsins að það stendur að slíkri samkomu. Fundurinn var haldinn í Kennaraháskóla Íslands 25. febrúar. Fundarstjóri var Hörður Zóphaníasson en hann og aðrir félagar okkar í kjararáði, Bryndís Steinþórsdóttir, Óli Kr. Jónsson og Gísli Ólafur Pétursson, höfðu veg og vanda af undirbúningi.

Frummælendur voru Eiríkur Jónsson formaður Kennarasambandsins, Elna Katrín Jónsdóttir fyrir hönd framhaldsskólakennara og Finnbogi Sigurðsson fyrir grunnskólakennara. Kom margt fróðlegt fram í ræðum þeirra og ýmislegt varð mönnum ljósara en fyrr. Umræður urðu nokkrar en fundinn sóttu 29 félagar.

Bókmenntahópurinn kom saman tvisvar í mánuði í Kennarahúsinu undir stjórn Harðar Zóphaníassonar og Ásthildar Ólafsdóttur. Í forföllum þeirra stýrði formaður félagsins fundum. Tveir rithöfundar komu í heimsókn, Einar Már Guðmundsson og Guðjón Friðriksson. Þeir sögðu frá verkum sínum og svöruðu fyrirspurnum. Farið var í heimsókn í Þjóðmenningarhús þar sem notið var leiðsagnar og fræðslu.

Fundirnir voru jafnan fjörugir og skemmtilegir og almenn þátttaka í umræðum og upplestri. Rósa Pálsdóttir annaðist veitingar með þeim Herði og Ásthildi. Ég þakka þeim þrem góðan beina og öllum þátttakendum glaðværa og fróðlega fundi.

Skákhópurinn tefldi tvisvar í mánuði í Kennarahúsinu. Stjórnendur voru Práinn Guðmundsson og Sveinbjörn Einarsson. Þeim félögum þakka ég prýðileg störf. Ástæða er til að hvetja fólk til þátttöku í skákinni því að teflt er á of fáum borðum.

Sumarferðin var að þessu sinni farin í Þórsmörk. Veðrið lék við ferðalangana 110. Í Mörkinni var 25 stiga hiti, blæjalogn og sólskin. Þar lögðust sumir í sólbað en aðrir fóru í gönguferðir. Fararstjóri var eins og löngum áður Tómas Einarsson. Fræddi hann fólk um margt og skemmti með frásögnum en bílarnir þrír voru í fjarskiptasambandi.

Á heimleiðinni var ekið að Laugalandi í Holtum þar sem menn snæddu kvöldverð. Gjaldkeri félagsins, Hermann Guðmundsson sem var um langt skeið skólastjóri á Laugalandi, sagði frá staðnum og skólahaldi þar. Nokkrir aðrir tóku til máls og sungið var við undirleik Kristjáns Sigtryggssonar.

Mót norrænna kennara á eftirlaunum var haldið 12. –16. júní. Íslenskir þátttakendur voru ellefu. Óli Kr. Jónsson flutti ýtarlega frásögn af mótinu á septemberfundinum.

Í sumar verður hin árlega samkoma norrænu eftirlaunakennaranna haldin á Fjóni. Gert er ráð fyrir að átta Íslendingar sækji það mót.

Þá er þess að geta að fyrsti fundur Félags kennara á eftirlaunum haldinn utan Reykjavíkur verður væntanlega á Akureyri eftir viku eða 15. maí.

Stjórn FKE var óbreytt frá fyrra starfsári. Formaður var Ólafur Haukur Árnason, varaformaður Hörður Zóphaníasson, gjaldkeri Hermann Guðmundsson, ritari Ólöf Pétursdóttir, skjalavörður Sveinn Kristjánsson og meðstjórnendur Auður Eiríksdóttir og Bryndís Steinþórsdóttir.

Allt þetta fólk hefur unnið af einstakri ósérplægni og dugnaði og ekki hefur hugmyndir skort eins og sjá má af þeim nýmælum sem bryddað hefur verið upp á. Ég leyfi mér að vekja athygli á að störf stjórnarmanna eru meiri og fjölbreyttari en menn kynnu að ætla. Allt sem gert er krefst undirbúnings og þar hefur enginn stjórnarmanna látið sitt eftir liggja. Mest hefur þó verk gjaldkerans verið. Ég þakka honum og öðrum stjórnarmönnum mikil og fórnfús störf, nána samvinnu og trausta vináttu. Stjórnarfundir á starfsárinu urðu alls átta en að sjálfsögðu ræddust stjórnarmenn oft við án þess að slíkt væri bókað sem formlegir fundir. Mikið verk er að ganga frá Fréttabréfinu og senda það til félaga enda eru þeir nú hátt á níunda hundrað eftir að leikskólakennarar á eftirlaunum gengu í félagið í einum hópi fyrir rúmum mánuði.

Starfsfólki Kennarasambands Íslands og Eiríki Jónssyni formanni þess þakka ég vinsemd og hjálpsemi.

Eins og sjá má af því sem hér hefur verið tíundað hefur starfið verið fjölþætt og skemmtilegt. Sem betur fer eru mörg atvik, bæði frá þessu starfsári og fyrri árum, varðveitt á myndum. Björg Hansen, kona mín, hefur fest á filmu fólk að störfum og leik, í klúbbstarfi, söng og ferðum. Mörg ykkar hafa séð eitthvað af þessum myndum og sum eiga myndir þar sem þau koma sjálf við sögu. Ég þakka henni myndirnar og ómælda vinnu sem hún hefur lagt í frágang þeirra. Margar þeirra eru þegar orðnar sögulegar og verða því merkilegri sem lengra líður.

Er ég læt nú af störfum sem formaður þessa félags er mér efst í huga þakklæti fyrir þann tíma sem mér hefur verið falið að sitja við stjórnvölinn. Ég hef notið þess að kynnast góðum mönnum og starfa með öndvegisfólki. Ég þakka umburðarlyndi félaganna og vinsemd mér sýnda. Ég árna ykkur, félagar mínir, allra heilla og vænti þess að starfsemi Félags kennara á eftirlaunum blómgi og dafni í bráð og lengd.